

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Ísfélag V.eyja Þórshöfn Þórshöfn



<b>Dags eftirlits</b>	25.9.2018	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Gottskálk Friðgeirsson
<b>Fyrirtæki</b>	Ísfélag V.eyja Þórshöfn	<b>Eftirlitsmaður</b>	Gottskálk Friðgeirsson
<b>Heimili</b>	Eyraryvegur 16	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	6601691219	<b>Flokkur</b>	Fiskimjölsverksmiðja
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Rafn Jónsson	<b>ÍSAT nr.</b>	15.20.7
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Kristinn Lárusson	<b>Staðsetning</b>	664973,026 638339,856

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik frá starfsleyfi fannst við eftirlit, en grænu bókhaldi var skilað inn of seint. Grænt bókhald barst 11. júní sl. og því verður engin eftirfylgni vegna þessa.

Tvær ábendingar eru gerðar. a) Bæta þarf aðstöðu fyrir lyftara fyrirtækisins svo allir úrgangsgámar geti verið inni á lóð verksmiðjunnar og tryggi þannig betur öryggi og stjórn úrgangsflokkunar. b) Æfingar með flotgirðingu eru á ábyrgð hafnarstjóra og/eða verktaka á hans vegum. Vegna olíu- og lýsislagna og geyma í og við verksmiðju rekstraraðila þarf að ljúka formsatriðum svo æfingar og viðbrögð við mengunaróhöppum í höfninni verði skilvirk.

### UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið hófst á fundi með fulltrúum rekstraraðila, Rafni Jónssyni og Kristni Lárussyni.

Dagskrá eftirlitsins:

- Útafstandandi mál
  - ryk í útblæstri
  - heildarlosun í frárennsli – mælingar frá öllum vertíðum
  - meðferð úrgangs – aðgengi að úrgangsgámi
  - TVN mælingar og skráningar
  - skil á upplýsingum, skýrslum og tilkynningum til Umhverfisstofnunar
- Yfirferð yfir kröfur í starfsleyfi
- Skoðun á verksmiðjunni
- Samantekt

1. Tvö frávik komu fram í eftirliti síðasta árs.

1.a. Ryk í útblæstri (reiknað að 3% súrefni) er að mælast á bilinu 138 – 145 mg/Nm<sup>3</sup> sem er yfir starfsleyfismörkum. Stofnunin hefur farið fram á tímasetta úrbótaáætlun frá rekstraraðila en frestur hefur verið gefinn til 22. október nk. til þess að skila inn tímasettri úrbótaáætlun. Frávikðið er því enn opið og er í eftirfylgni.

1.b. Heildarlosun í frárennsli hefur borist í skýrslu sem verkfræðistofan EFLA útbjó fyrir rekstraraðila og koma þar fram reiknaðar magntölur losunar í frárennsli verksmiðjunnar á aðskildum vertíðum og eins uppreiknað á ársgrundvelli. Þar með er frávikinu lokað.

1.c. Farið var yfir úrgangsmál rekstraraðila og kröfur um flokkun úrgangs. Úrgangsmál verksmiðjunnar verða að taka mið af því að í sveitarfélaginu er urðunarstaður á Bakkafirði og þar er eingöngu heimilt að urða úrgang í flokkum 02 þ.e. úrgangur frá landbúnaði, garðyrkju, lagareldi, skógrækt, veiðum, fiskveiðum, matvælaíðnaði og matvælavinnslu og flokk 20 þ.e. heimilisúrgangur. Urða má flokkaðan úrgang þar sem s.s timbri, járn, gúmmí, spilliefnum og raf- og rafeindatæknum hefur verið komið í annan farveg. Flokkun úrgangs kemur fram í reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs.

Seint á árinu 2017 bárust myndir með kvörtun um að flokkun á vegum rekstraraðila væri ábótavant. Fulltrúar rekstraraðila fullyrtu að tekið hafi verið á þessu og að enn horfi til bóta þar sem aðstaða við flokkun úrgangs yrði enn bætt þegar undirlag í porti við verksmiðjuna yrði steypt svo lyftarar fyrirtækisins eigi greiðari leið að þeim. Þar með eru allir úrgangsgámar komnir inn á lóð verksmiðjunnar og stjórn flokkunar batnar.

1.d. TVN mælingar skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila og því er ekki lengur þörf á að senda þær inn eftir hverja vertíð. Mælingar á hávaða, útblásturshraða og rykmagni í útblæstri hefur verið skilað inn sem og heildarmagni mengunar í frárennsli. Árlega mælingu á svifefnum, COD og fitu í útrás verksmiðjunnar sem átti að gera á kolmunnavertíð 2017 fórst fyrir þar sem kolmunninn brást og barst aldrei til vinnslu. Mælingar á fitu, svifefnum og COD á loðnuvertíð 2018 er því notuð og öll mæld efni voru undir losunarmörkum sem sett eru í grein 2.17 í starfsleyfinu.

Útstreymisbókhald barst fyrir 1. maí en farið var í eftirfylgni vegna græns bókhalds sem barst ekki í tíma (eftir 1. maí). Græna Bókhaldið barst svo 11. júní sl. sem telst frávik frá kröfum í starfsleyfi en þar sem það er komið í hús verður engin eftirfylgni vegna þessa.

Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar og viðbragðsáætlun liggja fyrir.

Slökkviliðsstjóri Langanesbyggðar hefur í tölvupósti til rekstraraðila staðfest að slökkviliðsmenn yfirfara flotgirðingu sem er í höfninni á Þórshöfn. Æfingar hafa ekki farið fram á vegum slökkviliðsins og enn á eftir að ganga frá samningi á milli hafnarinnar og slökkviliðsins um að fjármagna æfingar og að vera til taks ef mengunaróhapp verður. Knýja þarf á um að ljúka þessum formsatriðum svo æfingar og viðbrögð við mengunaróhöppum í höfninni verði skilvirk. Staðfesting á tryggingu vegna bráðamengunar er til staðar.

2. Farið var yfir aðrar kröfur í starfsleyfi rekstraraðila. Gæði hráefnis sem berst til verksmiðjunnar er mælt með TVN mælingum, þ.e. magni reikulla basa sem myndast við niðurbrot í fiskholdinu. Í starfsleyfi, grein 3.2 er gerð krafa um daglegar mælingar á TVN gildi og hitastigi hráefnis. Krafa eru um skráningar á viðhaldi, eftirliti og bilunum í mengunarvarnarbúnaði. Skráð sé hvenær fitugildrur og olúgildrur eru tæmdar og skráningar á úrgangi sem fellur til við framleiðsluna. Ekki er gerð athugasemdir við þessar skráningar og fram kom að engar kvartanir hafa borist frá síðasta eftirliti.

Vel er haldið utan um skráningar á þrifum samkvæmt hreinlætisáætluninni.

3. Að loknum eftirlitsfundi var gengið um verksmiðjuna. Verksmiðjan og umhverfi hennar var skoðuð án athugasemda.

#### Frávík frá

ákvæði í grein 3.3 í starfsleyfi um Grænt bókhald.

#### Lýsing á frávíki

Grænu bókhaldi fyrir árið 2017 skal skila fyrir 1. maí 2018. Skýrslan barst of seint eða þann 11. júní 2018. Engin eftirfylgni verður vegna þessa.

#### ÁBENDINGAR

Tvær ábendingar eru gerðar. a) Bæta þarf aðstöðu fyrir lyftarar fyrirtækisins svo allir úrgangsgámar geti verið inni á lóð verksmiðjunnar og tryggi þannig betur öryggi og stjórn úrgangsflokkunar.

b) Æfingar með flotgirðingu eru á ábyrgð hafnarstjóra og /eða verktaka á hans vegum. Vegna olíu- og lýsislagna og geyma í og við verksmiðju rekstraraðila þarf að ljúka formsatriðum svo æfingar og viðbrögð við mengunaróhöppum í höfninni verði skilvirk.

#### ANNAÐ

Bæklingur Umhverfisstofnunar um mælanleg umhverfismarkmið voru afhent í eftirlitinu.

- 1 Frávík: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.  
2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávík.

Reykjavík, 22.10.2018

  
Gottskálk Friðgeirsson